

Svar

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Karen María Jónsdóttir, skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra

Efni: *Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokk fólksins um skýrslu KPMG um framtíðarhögun borgarskjalasafns.*

Á fundi borgarráð þann 9. mars 2023, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins, sbr. 37 lið fundargerðar ráðsins s.d.:

Kynnt hefur verið skýrsla frá KPMG um Borgarskjalasafn þar sem lagt er til að staða safnsins geti ekki verið óbreytt. Í kjölfarið lagði borgarstjóri fram tillögu um að leggja niður safnið sem samþykkt var af meirihlutanum 7. mars. Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað við gerð þessarar skýrslu. Spurt er einnig: Komu önnur greiningarfyrirtæki til greina eða var rætt við önnur greiningarfyrirtæki um úttekt á Borgarskjalasafni? Var útboð?

Fyrirspurninni var vísað til meðferðar í stafrænu ráði þar sem henni var vísað áfram til Þjónustu- og nýsköpunarsviðs til umsagnar, með bréfi dagsettu þann 14. apríl 2023.

Svar:

Flokkur fólksins óskar upplýsinga um kostnað við gerð þessarar skýrslu?

Heildarkostnaðurinn við gerð skýrslunnar var 8.833.047 kr., þar af var vsk. 1.709.622 kr.

Viðbótarkostnaður m.a. vegna fyrirvara KPMG í ráðum var 1.928.875 kr. þar af var vsk. 567.896 kr.

Komu önnur greiningarfyrirtæki til greina eða var rætt við önnur greiningarfyrirtæki um úttekt á Borgarskjalasafni?

Önnur greiningarfyrirtæki komu til greina. Litið var yfir markaðinn og kannað hvort og þá í hvaða mæli önnur ráðgjafafyrirtæki hefðu komið að greiningarvinnu eða stefnumótun fyrir starfsemi opinberra skjalasafna á Íslandi. Sú könnun leiddi í ljós að aðeins eitt fyrirtæki hafði unnið að greiningum, ráðgjöf og stefnumótun síðastliðin fimm árin, sem snerti öll skjalasöfn landsins, óháð staðsetningu þeirra og stjórnsýslustigi, og sneri auk þess að stafrænni framtíð.

Þannig framkvæmdi KPMG úttekt fyrir Borgarskjalasafn árið 2018 um húsnæðismál safnsins, í samstarfi við lykilstarfsmenn safnsins og Borgarskjalavörð sem lögðu til efnislegt innihald hennar. Sú úttekt var lögð til grundvallar könnunarviðræðna sem hófust árið 2019 milli ríkis og borgar um sameiginlegar höfuðstöðvar og varðveisluhús safnanna tveggja. Var hún einnig lögð til grundvallara þessarar skýrslu sem í þessari fyrirspurn er vísað í.

Einnig vann KPMG að framkvæmd stefnu um þróun og uppbyggingu rafrænna innviða fyrir Þjóðskjalasafn Íslands, sem birt var árið 2020. KPMG sá um verkefnastýringu verkefnisins en stýrihópur var skipaður af fulltrúum KPMG, Þjóðskjalasafns, mennta- og menningarmálaráðuneytisins þáverandi og fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Til viðbótar framkvæmdi KPMG greiningu fyrir Samband íslenskra sveitarfélaga sem fólst í mati á stöðu skrifstofuhugbúnaðar hjá sveitarfélögum landsins, mati á skjala- og málakerfum sveitarfélaga, mati á hæfni þeirra til að mæta kröfum um rafræn skil til skjalasafna auk tillagna um æskilega framtíðarstöðu sveitarfélaga á landinu öllu. Í því samhengi var m.. rætt við framkvæmdastjóra sveitarfélaga, ábyrgðaraðila upplýsingatæknimála, skjalastjóra sem og almenna notendur. Þá var auk þess hugað að því að ræða við fulltrúa sveitarfélaga af ólíkum stærðum, sveitarfélaga þar sem vegalengdir milli staða eru miklar en ekki síður fulltrúa nýsameinaðra sveitarfélaga. Var sú greining birt um mitt ár 2022 og var niðurstaðan sú að framundan er talsverð vinna við að koma sveitarfélögum í rafræn gagnaskil.

Eðli málsins samkvæmt er ekki nóg að sveitarfélög setji sér markmið um að skila gögnum rafrænt ef móttökuaðili gagnanna þ.e. héraðsskjalasafn, hefur ekki getu til að taka á móti slíkum sendingum. Því fékk Samband íslenskra sveitarfélaga KPMG einnig til liðs við sig til að greina getu héraðsskjalasafna til að taka á móti gögnum rafrænt og hófst sú vinna í ágúst 2022. KPMG sá um verkefnastýringu verkefnisins en auk þess sátu í verkefnahóp fulltrúar héraðsskjalasafna úr landshlutunum. Niðurstaðan er að verulegt átak þarf að gera í þessum efnum, sem krefst mikils kostnaðar og tíma, til að koma málum í viðunandi horf.

Ekki var séð að önnur ráðgjafafyrirtæki hér á landi hefðu sömu eða sambærilega þekkingu og innsýn inn í málaflokkinn og því var ekki rætt við önnur fyrirtæki.

Var útboð?

Vegna þess hversu sérhæfður málaflokkurinn er, og vegna þess hversu víða KPMG hefur komið að greiningu hans og stefnumótun á ólíkum stjórnsýslustigum og með aðkomu breiðs hóps sérfræðinga á sviði opinberrar skjalavörslu, þótti skynsamlegt að nýta þá þekkingu og innsýn sem og reynslu sem innan þess ráðgjafafyrirtækis hafði safnast saman. Því var ekki farið í útboð við innkaupin á þjónustunni.

F.h. Þjónustu- og nýsköpunarsviðs,



Karen María Jónsdóttir,

skrifstofustjóri skrifstofu sviðsstjóra